RÍKISENDURSKOÐUN

Kirkjugarðasjóður

Ársreikningur 2020

Kirkjugarðasjóður
Katrínartúni 4,
Reykjavík.
590784-0449

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum.

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og fer með úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í Kirkjugarðaráði eiga sæti fimm fulltrúar, en þeir eru biskup Íslands eða fulltrúi hans, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands og fulltrúi tilnefndur af kirkjuþingi. Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra og skal hann vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Hjá ráðinu starfar einnig í hlutastarfi sérfræðingur sem sér um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

Á árinu 2020 varð 1,8 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Kirkjugarðasjóðs. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 36,7 m.kr., skuldir 6,0 m.kr. og eigið fé nam 30,6 m.kr. í árslok 2020.

Stjórn Kirkjugarðaráðs staðfestir ársreikning Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. júní 2021

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður.

Kristín Huld Sigurðardóttir.

Þórsteinn Ragnarsson.

Valtýr Valtýsson.

Smári Sigurðsson.

RÍKISENDURSKOÐUN

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Kirkjugarðasjóðs

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum Kirkjugarðasjóðs ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Kirkjugarðasjóðs á árinu, efnahag sjóðsins 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 10. júní 2021

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi.
undirritað rafrænt

Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Tekjur			
Kirkjugarðsgjald	1	99.240.000	99.408.000
Tekjur af samrekstri	2	3.217.231	2.736.277
		102.457.231	102.144.277
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	30.639.074	30.913.954
Styrkveitingar:			
Styrkveitingar til viðhalds kirkjugarða	8	44.910.465	45.500.000
Niðurlagðir kirkjugarðar, styrkir	9	4.339.764	1.826.350
Kirkjugarðasambandið	10	8.500.000	9.800.000
Annar kostnaður:			
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu	4	2.880.584	2.810.326
Annar rekstrarkostnaður	5	9.138.866	8.360.969
Afskriftir fastafjármuna		703.093	703.093
		101.111.846	99.914.692
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur		1.345.385	2.229.585
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6	440.407	632.097
Tekjuafgangur ársins		1.785.792	2.861.682

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Bifreið		1.627.528	2.330.621
		1.627.528	2.330.621
Veltufjármunir			
Þjóðkirkja-Biskupsstofa		3.002.973	0
Kirkjumálasjóður		0	2.736.277
Endurgr. VSK		2.152.995	1.845.116
Fyrirframgreidd laun	11	677.587	0
Handbært fé	12	29.157.132	29.803.107
		34.990.687	34.384.500
Eignir alls		36.618.215	36.715.121
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		28.792.995	25.931.313
Tekjuafgangur ársins		1.785.792	2.861.682
Höfuðstóll	7	30.578.787	28.792.995
Eigið fé		30.578.787	28.792.995
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Biskupsstofa		0	3.171.511
Ógr. laun og launatengd gjöld	13	3.546.333	4.243.384
Ógreiddir styrkir	14	1.900.000	500.000
Aðrar viðskiptaskuldir	14	593.095	7.231
Skuldir		6.039.428	7.922.126
Eigið fé og skuldir alls		36.618.215	36.715.121

Sjóðstreymi árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur ársins		1.785.792	2.861.682
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi			
Afskrift fastafjármuna		703.093	703.093
Veltufé frá rekstri		2.488.885	3.564.775
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)		(1.252.162)	3.257.219
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun		(1.882.698)	(3.685.713)
		(3.134.860)	(428.494)
Handbært fé frá rekstri		(645.975)	3.136.281
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(645.975)	3.136.281
Handbært fé í ársbyrjun		29.803.107	26.666.826
Handbært fé í lok ársins		29.157.132	29.803.107

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt óverðleiðréttri kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og notaðar voru árið áður.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta. Það sama gildir um stofnanir á vegum kirkjunnar.

Skráning tekna

Tekjur Kirkjugarðasjóðs eru 8,0% af kirkjugarðsgjöldum samkvæmt lögum nr. 36/1993 um Kirkjugarðasjóð, greftranir og líkbrennslu.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar stofnað er til þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegur rekstrarfjármunur Kirkjugarðasjóðs er ein bifreið sem var keypt í byrjun desember árið 2015 og er línulegt afskriftarhlutfall 15%. Afskrift fyrir árið 2020 er því sú sama og árið áður kr. 703.093.

	Bifreið	Samtals
Stofnverð	5.208.094	5.208.094
Áður afskrifað	2.877.473	2.877.473
Bókfært verð í ársbyrjun	2.330.621	2.330.621
Afskrifað á árinu	(703.093)	(703.093)
Bókfært verð í lok árs	1.627.528	1.627.528

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum og inneign hjá verðbréfasjóði.

Skýringar

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna sjóðsins hvílir ekki á sjóðnum, þar sem greitt er til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta.

Bókhald og fjárvarsla

Reikningshald sjóðsins er hjá Biskupsstofu og bókhald er fært í fjárhagskerfi ríkisins.

Sundurliðanir

1. Kirkjugarðsgjald

Tekjur Kirkjugarðasjóðs námu 99,3 m.kr., sem er 0,2 m.kr. lækkun frá fyrra ári. Tekjur sjóðsins voru 8,0% af kirkjugarðsgjöldum árið 2020 sem er sama hlutfall og árið áður.

2. Kostnaðarhlutdeild af samrekstri

Kirkjugarðasjóður innheimtir kostnaðarhlutdeild hjá Kirkjumálasjóði vegna vinnu verkefnastjóra við kortagerð, mælingar og ráðgjöf við landamerki.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 30,6 m.kr. og hækkuðu um 0,3 m.kr. frá fyrra ári. Lækkun stafar að mestu leyti af breytingu á orlofsskuldbindingu. Í árslok 2020 voru tveir starfsmenn hjá Kirkjugarðasjóði sem er óbreytt frá árinu áður.

	2020	2019
Dagvinna	20.592.357	19.484.082
Nafndar- og stjórnarlaun	3.426.434	3.292.164
Yfirvinna	1.073.806	1.017.900
Launatengd gjöld	5.340.654	5.677.979
Orlofsskuldbinding	-576.222	236.904
Bílastyrkur og greiddur akstur	0	138.600
Starfstengdur kostnaður, dagpeningar	782.045	1.066.325
	30.639.074	30.913.954

Skýringar

4. Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu

	2020	2019
Sameiginlegur skrifstofukostnaður	2.880.584	2.810.326
	2.880.584	2.810.326

5. Almennur rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður nam 9,1 m.kr., sem er hækkun um 0,8 m.kr. frá fyrra ári og stafar að mestu af gjaldfærðum búnaði á árinu.

Skrifstofukostnaður	809.278	964.678
Aðkeypt þjónusta	4.118.164	3.996.995
Ferða- og fundakostnaður	279.434	800.655
Rekstur tölvukerfa og tækja	1.112.629	1.231.491
Húsnæðiskostnaður	654.761	675.280
Rekstur bifreiðar	965.620	691.870
Gjaldfærð áhöld ofl.	1.198.980	0
	9.138.866	8.360.969

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur	565.599	678.654
Vaxtagjöld	(36.428)	(39.318)
Fjármagnstekjuskattur	(88.764)	(7.239)
	440.407	632.097

7. Eigið fé

Í lok ársins 2020 var höfuðstóll Kirkjugarðasjóðs 30,6 m.kr. og hafði hækkað um 1,8 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur rekstrarafgangi ársins.

Höfuðstóll 1. janúar 2019	25.928.313
Tekjuafgangur ársins	2.861.682
Höfuðstóll 31. desember 2019	28.789.995
Höfuðstóll 1. janúar 2020	28.789.995
Tekjuafgangur ársins	1.785.792
Höfuðstóll 31. desember 2020	30.575.787

Skýringar

8. Styrkir til kirkjugarða

Sjóðurinn greiðir árlega styrki til viðhalds kirkjugarða samkvæmt úthlutun kirkjugarðaráðs.

	2020
Vesturlandsprófastsdæmi	
Kirkjugarður Borgarness	900.000
Kirkjugarður Borgarkirkju	3.000.000
Vestfjarðarprófastsdæmi	
Kirkjugarður Reykhólakirkju	1.200.000
Kirkjugarður Stóra-Laugardalssóknar	3.200.000
Kirkjugarðar Ísafjarðar, gamli kirkjugarðurinn	500.000
Kirkjugarðar Hólmavíkursóknar, Staður	2.500.000
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	
Kirkjugarður Blönduóss	1.400.000
Kirkjugarður Sauðárkróks	3.000.000
Silfrastaðakirkjugarður	1.800.000
Eyjafarðar- og þingeyjarprófastsdæmi	
Kirkjugarður Akureyrar	3.800.000
Kirkjugarðar Dalvíkurprestakalls	1.700.000
Kirkjugarðar Laugalandsprestakalls v.Munkaþverá	2.100.000
Kirkjugarðar Laugalandsprestakalls, Grundarkirkjugarður	800.000
Skinnastaðarkirkjugarður	900.000
Svalbarðsstrandarkirkjugarður	1.800.000
Austurlandsprófastsdæmi	
Klyppsstaðakirkjugarður	600.000
Suðurprófastsdæmi	
Kirkjugarður Marteinstungu	900.000
Ólafsvallakirkjugarður	2.400.000
Stóra-Núpskirkjugarður	2.500.000
Skálholtskirkjugarður	800.000
Stóru-Borgarkirkjugarður	1.500.000
Kirkjugarðar Þorláks- og Hjalla	6.500.000
Kirkjugarður Árbæjarkirkju	700.000
Lagfæring á minningarmarki	410.465
	44.910.465

9. Styrkir til niðurlagðra kirkjugarða og minningarmarka

Kirkjugarður á Skálmarnesmúla, sláttur og umhirða	84.164
Gamli kirkjugarðurinn á Húsavík	1.300.000
Gamli kirkjugarðurinn Valþjófss	600.000
Gamli kirkjugarðurinn á Hólmu	1.300.000
Skálar Langanesi - Garðví	1.300.000
Kirkjugarður Arnarbæli, stiga yfirbreiðsla	5.600
Kirkjugarðurinn á Klausturhólum í Grímsnesi, hirðing og lagfæring	250.000
Niðurlagðir kirkjugarðar, niðurfelldur eldri styrkur	(500.000)
	4.339.764

Skýringar

10. Styrkir til Kirkjugarðasambandsins

Veittar voru 8,5 m.kr. til Kirkjugarðasambands Íslands, samkvæmt þjónustusamningi sem tekur til eftirfarandi þjónustu:

1. Umsjón, utanumhald og útdeilingu á greiðslum til kirkjugarða á Íslandi.
2. Umsjón og rekstur á heimasíðunni www.gardur.is
3. Gerð fræðslu- og kynningarefnis.

11. Handbært fé

	2020	2019
Verðbréfaeign	12.438.706	11.970.662
Innstæða á bankareikningi	16.718.426	17.832.445
	29.157.132	29.803.107

12. Ógr. laun og launatengd gjöld

Ógr. staðgreiðsla og tryggingagjald	786.067	752.641
Ógr. lífeyrisiðgjöld	747.402	792.307
Ógr. annað vegna starfsfólks	0	109.350
Áfallið ógreitt orlof	2.012.864	2.589.086
	3.546.333	4.243.384

13. Ógreiddir styrkir

Eftirtaldir styrkir eru ógreiddir í árslok:

Gamli kirkjugarðurinn í Valþjófsdal	600.000	0
Niðurlagður kirkjugarður á Hólmum Reyðarfirði	1.300.000	0
Niðurlagðir kirkjugarðar	0	500.000
	1.900.000	500.000

Skýringar

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2020	2019	2018	2017	2016
Rekstur					
Rekstrartekjur	102.457	102.144	93.518	96.534	93.197
Rekstrargjöld	(101.112)	(99.915)	(92.161)	(93.641)	(96.168)
Tekjuafg./(-halli) f.fjárm.l.	1.345	2.230	1.357	2.892	(2.972)
Hreinar fjárm.tekjur	440	632	689	1.386	240
Tekjuafgangur ársins	1.786	2.862	2.046	4.278	(2.732)
Efnahagur					
Fastafjármunir	1.628	2.331	3.034	3.737	4.440
Veltufjármunir	34.991	34.385	34.505	32.526	21.177
Eignir alls	36.618	36.715	37.539	36.263	25.617
Höfuðstóll	30.579	28.793	25.928	23.882	19.604
Skammtímaskuldir	6.039	7.922	11.611	12.380	6.013
Eigið fé og skuldir alls	36.618	36.715	37.539	36.263	25.617

Undirritunarsíða

endurskoðandi
Óskar Sverrisson

Undirritað af:
Óskar Sverrisson
1405593699
Dags: 09.07.2021
Tími: 11:45:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 51aec66a-bcad-4436-884c-6d54b6f70df7